

## 1.1 Jafnréttisáætlun – mannréttindastefna

Áætlunin tók gildi 1. ágúst 2020 og verður endurskoðuð árlega samhliða vinnu við starfsáætlun.

### Formáli

Jafnréttis- og mannréttindastefna Borgaskóla er byggð á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008. Einnig er tekið mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar sem að hluta til er byggð á jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar en hún miðar að því að allar manneskjur fái notið mannréttinda án tillits til uppruna, þjóðernis, litarháttar, trúarbragða, skoðana, kynferðis, aldurs, efnahags, ætternis, fötlunar, heilsufars eða annarrar stöðu.

Skólastarf í anda jafnréttis og mannúðar miðar að því að breyta viðhorfi til hefðbundinna kynjaímynda og vinna gegn neikvæðum staðalímyndum um hlutverk kvenna og karla. Í Borgaskóla er starfað eftir hugmyndafræðinni Uppeldi til ábyrgðar. Hún ýtir undir jákvæð samskipti, hvetur til sjálfstæðrar hugsunar og þroskar jákvætt gildismat. Einkunnarorð skólans eru *Jákvæðni – Virðing - Vinátta*.

### Jafnréttis- og mannréttindastefnan

Jafnréttis- og mannréttindastefna Borgaskóla tekur annars vegar til nemenda og hins vegar til starfsfólks. Stefnt er að því að nemendur og starfsfólk nái góðum árangri og skólastarfið miði að því að styrkja og efla hvern og einn til framfara og þroska. Mikilvægt er að starfið mótist af metnaði og hvatningu til sjálfstæðra verka og aukinnar víðsýni þar sem hver og einn nýtur sín á eigin forsendum.

### Nemendur:

- Öll vinna nemenda skal vera í anda jafnréttis og mannúðar þar sem lögð er sérstök áhersla á að nemendur rækti með sér samkennd, vináttu og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.
- Kennsluáðferðir og námsgögn skulu ekki mismuna nemendum.
- Umræða og vinna um jafnréttis- og mannréttindamál skal vera samofin allri kennslu og skólastarfi, en markvisst skal unnið með viðfangsefnið í lífsleikni.
- Leitast skal við að raða í námshópa þannig að öll kyn fái notið sín.
- Árlega skal gera kannanir t.d. í gegn um skólapúlsinn á líðan nemenda, ***samskiptum þeirra og viðhorfum til*** skólans.

- Í náms- og starfsfræðslu og annarri ráðgjöf í skólanum skal jafnréttissjónarmið haft að leiðarljósi.
- Í öllu skólastarfi þarf að gæta þess að jafnræði sé milli kynja til áhrifa og þátttöku, t.d. í nefndum og ráðum. Einnig skal jafna hlut nemenda við hvert tækifæri þegar þeir koma fram fyrir hönd skólans.
- Kynbundið ofbeldi, kynbundið áreiti og/eða kynferðisleg áreiti er aldrei liðin í Borgaskóla.

### **Starfsfólk:**

- Óheimilt er að mismuna fólki vegna kyns, uppruna, trúarbragða, aldurs eða annarrar stöðu, sbr. formála. Stjórnendur skulu gæta jafnréttis við mannaráðningar, uppsagnir og tilfærslur starfa og viðfangsefna sem starfsfólki er ætlað að sinna.
- Allt starfsfólk ber ábyrgð á að skapa fordómalaust andrúmsloft.
- Launajafnrétti er í skólanum.
- Við nýráðningar verður leitast við að jafna kynjahlutfall. Skal það kyn sem er í minnihluta í starfi því sem auglýst er eftir að öllu jöfnu ganga fyrir ef um jafnhæfan einstakling er að ræða sem uppfyllir skilyrði starfsins.
- Allt starfsfólk skólans á að njóta sömu möguleika til endurmenntunar og starfsþjálfunar og búa við jafna möguleika til stöðuhækkana, stöðubreytinga og breytinga á vinnuaðstæðum.
- Starfsfólki skal gert kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldunni.
- Árlega skal gera kannanir á líðan og samskiptum starfsfólks.
- Kynbundið ofbeldi, kynbundið áreiti og/eða kynferðislegt áreiti er aldrei liðið í skólanum.

### **Framkvæmd, eftirfylgni og endurskoðun**

Jafnréttis- og mannréttindastefnu skólans skal kynnt öllum þeim sem að skólastarfinu koma, s.s. foreldrum, starfsfólki og nemendum og hún birt á vefsíðu skólans.

Mikilvægt er að fram fari faglegt og reglubundið mat á áhrifum jafnréttis- og mannréttindastefnu skólans. Niðurstöður matsins skulu kynntar reglulega fyrir nemendum, starfsfólki og forráðamönnum. Niðurstöðurnar má einnig nálgast á vefsíðu skólans.

Til að stefnan skili árangri er nauðsynlegt að hafa skýra mælikvarða í tengslum við þau markmið sem koma fram í henni. Þau matstæki sem lögð eru til grundvallar eru starfsmannasamtöl, viðhorfakannanir meðal nemenda, starfsfólks og forráðamanna. Í viðhorfakönnun starfsfólks eru sérstaklega könnuð viðhorf til þess hvort launajafnréttir gildi á vinnustaðnum og hvort tillit sé tekið til samræmingar á fjölskyldulífi og starfsskyldum.

Stefnuna skal endurskoða í heild sinni á þriggja ára fresti.

## 1.2 Framkvæmdaáætlun Borgaskóla skólaárið 2024- 2025

Skólinn setur sér framkvæmdaáætlun hvert skólaár þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Allir starfsmenn þekki og vinni eftir Mannréttindast. Rvk og geti sinnt jafnréttisfræðslu	Kynnt fyrir starfsfólki	Skólastjóri	Kynnt samhliða starfsmanna-handbók
Nemendur fáí forvarnarfræðslu gegn kynbundnu áreitni/ofbeldi í öllum árgöngum	Forvarnateymi útbýr forvarnaáætlun og starfsfólk fær fræðslu á vegum Jafnréttisskóla Reykjavíkur.	Skólastjóri og umsjónar-kennarar í samstarfi við skólahjúkrunar-fræðing	Skólaárið 2024-2025
Nemendur þekki margvísleg störf og geti tengt áhugasviði sínu. <i>Kynna skal öllum störf sem oft er litið á sem hefðbundin karla- og kvennastörf</i>	Nemendur fá innsýn í fjölbreytt námsval.	Umsjónar-kennarar	Skólaárið 2024-2025
Nemendur rækti með sér samkennd, vináttu og virðingu fyrir skoðunum og lífsgildum annarra.	Vinna við bekkjarsáttmála efir leiðbeiningum í starfsmannahandbók. Lýðræðisleg vinna nemenda undir handleiðslu umsjónarkennara.	Umsjónar-kennarar	Ágúst – október 2024
Leitast við að jafna kynjahlutfall við nýráðningar starfsfólks.	Sýnilegt í auglýsingum um laus störf við skólann	Skólastjóri og aðstoðarskóla-stjóri	Alltaf til hliðsjónar við ráðningar
Allir starfsmenn eigi kost á símenntun	Námskeið fyrir alla starfsmenn í Borgaskóla á skólaárinu	Skólastjóri	Skólaárið 2024-2025
Kennsluaðferðir og námsgögn eiga að henta öllum nemendum og gætt að því að kynjum sé ekki mismunað.	Kennarar hafi þetta að leiðarljósi við gerð kennsluáætlana og endurskoðun eldri áætlana.	Skólastjóri og allir kennarar skólans	Skólaárið 2024-2025

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Allt starfsfólk viti hvert eigi að leita v. kynferðislegrar áreitni, kynbundinnar áreitni/ofbeldis	Tilgreint í starfsmannahandbók hvert hægt er að leita. Sjá <a href="#">verklagsreglur Reykjavíkurborgar</a> .	Skólastjóri og aðstoðar-skólastjóri	Skólaárið 2024-2025
Starfsfólk þekki stefnu Reykjavíkurborgar er varðar launajafnrétti	Kynning á kjarasamningum	Trúnaðarmenn í samstarfi við stjórnendur	Skólaárið 2024-2025
Allt starfsfólk þekki stefnu Reykjavíkurborgar er varðar sveigjanleika á starfsskyldum v. aðstæðna í einkalífi.	Kynning á starfsmannfundi í ágúst 2024.	Skólastjóri	Skólaárið 2024-2025